

# FUNDARGERÐ

## 116. stjórnarfundur KRAFT

116. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á Engjaveginum (ÍSí) og á netinu (Messenger video chat) 15. september kl.17.30.

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Lára (starfsmaður KRAFT), Aron Ingi, Þórunn og Laufey.

Inga María komst ekki á fundinn.

Muggur forfallaður.

Fundarritari : Laufey.

### 1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

### 2. RÚV

Sjá lið 5 í fundargerð 115. Tölvupóstur var sendur á RÚV (á útvarpsstjóra, dagskrárstjóra númiðlunar og þáttastjórnanda). Svar barst frá RÚV (Snærós Sindradóttir verkefnastjóri RÚV núll og Gunnari Inga Jones Helgasyni framleiðanda RÚV núll). Tekið var vel í ábendingar KRAFT og í niðurlagi segir :

„Ég þakka þér aftur fyrir erindið. Við komum til með að vanda umfjöllun okkar um kraftlyftingar, hvort sem er í umræddum hlaðvarpsþætti eða eftirleiðis í annarri umfjöllun, eins og við gerum alla daga.“

### 3. FAGTEYMI

Gry og Auðunn munu fljótlega hitta Geir Gunnar næringarfræðing. Þau gera einnig ráð fyrir að hitta Erlend Egilsson sálfræðing. Þegar er komin reynsla með vinnu Erlends og mikil ánægja með hana. Gry hafði fengið meðmæli með Helga Héðinssyni íþróttasálfræðingi. Fundarmenn voru sammála um að hafa einnig samband við hann. Talið kostur að hafa fleiri en einn aðila fyrir hvert fag í fagteyminu.

### 4. LANDSLIÐSLÁGMÖRK OG LANDSLIÐSVAL 2021

Aron Friðrik hefur samþykkt að taka að sér að reikna upp landsliðslágmörk. Þau eru miðuð við árin 2017-2019. Í framhaldinu verða þau birt á heimasíðu félagsins.

Samþykkt var að senda tölvupóst á forsvarsmenn félaga og óska eftir „tilnefningum“ í landsliðið (hvort einhver efnilegur með möguleika á að ná lágmörkum).

### 5. MÓTASKRÁ 2021 (OG REST 2020)

Bekkpressumót verða haldin 24.október og Bikarmót í lok nóvember. Enn er ekki kominn mótshaldari fyrir bikarmótið. Hjalti í Kraftlyftingafélagi Mosfellsbæjar hefur sýnt áhuga. Gry mun heyra í honum. Ákveðið að mótanefnd muni skila tillögu af mótaskrá 2021 fyrir 1.október.

### 6. RIG

Hið árlega RIG mót verður haldið í janúar 2021. Gry mun fara á fund vegna þess í vikunni.

## 7. ÍF

Íþróttasamband fatlaðra mun halda Íslandsmót í lyftingum 3.október á Selfossi. KRAFT hefur aðstoðað á mótinu síðustu árin. Þetta hefur verið gefandi fyrir þá sem hafa komið að þessu. Stjórnin samþykkti að Kraftlyftingasambandið muni taka þátt í Íslandsmótinu í lyftingum. Einnig var samþykkt að athuga hvort áhugi er hjá ÍF að gera samstarfssamning við KRAFT. Gry mun fá fund með þeim og fá Sigurjón Pétursson með sér, en IPF hefur áhuga á auknu samstarfi við íþróttafélög fatlaðra.

## 8. ÍM 2020

Umræða var um hvernig mótið síðasta laugardag gekk. Í heildina gekk mótið vel. Hins vegar er ljóst að mikil vinna fór í að skaffa mannskap á síðustu metrunum og koma öllu saman. Mikil vöntun var af stangarmönnum sem er ótækt. Spurning hvernig hægt er að ýta undir að félög taki að sér mótahald. Ýmsir möguleikar, einn af þeim að borga félaginu sem síðan ræður hvort það greiði þá upphæð að hluta áfram til starfsmanna mótsins. Rætt um að hvort það myndi hjálpa að setja kröfu um að félög sendi stangarmenn til að aðstoða á mótum. Einnig rætt hvort félög gætu komið sér upp stangarmannateymi.

## 9. NÝTT MÓTSTJÓRNARKERFI OG STREYMISMÁL

Fundarmenn voru sammála um að mikil þörf er á að endurskoða mótstjórnarkerfið, hvort sem þurfi að endurbæta eða setja upp alveg nýtt kerfi. Eltt notendavænt kerfi sem væri auðvelt í notkun myndi hjálpa mikið við mótahald þ.s. dýrmætt mannafl fer í að koma tölvukerfinu upp fyrir hvert mót. Samþykkt að Gry tali við Róbert Kjara og fái hann til að koma með tillögur. Lagt til að fyrstu tillögur verða lagðar fyrir næsta stjórnarfund.

Samþykkt að biðja Bjarna (Ármann) um að koma streymismálum í almennilegt horf. Þegar hafa keppendur spurt hvort hægt sé að horfa á upptökur af síðasta móti en vegna stefgjalda er það ekki enn hægt en vonandi leysist það fljótlega.

## 10. HEIMASÍÐA

Þörf er á að uppfæra heimasíðuna, fundarmenn voru sammála um það. Aron Friðrik hefur mann sem er tilbúinn að fara í gegnum heimasíðuna, gera hana öruggari og lagfæra. Aron Friðrik hafði rætt um að kostnaður væri 30.000 kr. Þetta var samþykkt.

## 11. SÓTTVARNARFULLTRÚI

Á ÍM um síðastu helgi var sóttvarnarfulltrúi á staðnum allan tímann. Ellert í Massa hafði rætt um að greiða honum 50.000 kr. fyrir þá vinnu. Fundarmenn voru ekki sammála þessu og finnst þetta ansi hátt. Það þarf að skoða hvort hluti komi frá KRAFT og hinn frá MASSA. Gry mun ræða við Ellert.

## 11. SÓTTVARNARREGLUR

Þær þarf að endurskoða og sérstaklega fyrir næsta mót.

## 12. SKRÁNING LYFTA

Keppandi í telpnaflokki fékk fyrir mistök að taka lyftur sem áttu að vera tilraunir til Íslandsmeta, en Íslandsmet í þessum flokki eru mun hærri. Gry hafði samband við Helga Hauksson alþjóðadómara til að fá úr því skorið hvað væri löglegt að gera varðandi skráningar á lyftunum sem eru ólöglegar. Niðurstaðan er að 123kg hnébeygjan sem keppandi náði verður lækkuð niður í 122.5kg og tvær 71.0kg

bekkpessulyftur (tókust ekki) verða lækkaðar niður í 70kg. Þetta verður leiðrétt á KRAFT results síðunni. Gry mun hafa samband við keppanda og skýra málið.

### **13. FORMANNAFUNDUR**

Ákveðið að boða til formannafundar 17.október kl.10-12.

### **14. FJÁRMÁL**

Almennt er staða fjármála góð. Aron Ingi sendi fyrirspurn til Afrekssjóðs um hvort að styrkurinn fyrir HM (sem var felld niður) mætti nota til að styrkja keppendur á Arnold Classics í desember. Svar hefur enn ekki borist.

### **15. AFREKSHELGI**

Rætt um að nota hluta af styrk frá Afrekssjóði til að hafa „afrekshelgi“ fyrir keppendur í afreksflokki. Helgi úti á landi þar sem æft verður saman, hlustað á erindi og stuðningur sóttur til heildarinnar. Einnig er til styrkur fyrir hæfileikamótun sem hentar vel í svona verkefni. Gry og Aron Ingi skoði betur hvaða fjármagn má leggja í þetta. Ákveðið að Auðunn kanni hvaða staðir koma til greina.

### **15. ARNOLD CLASSIC Í DESEMBER**

Skráningarfrestur er í byrjun október. Nokkrir hafa mikinn áhuga á að taka þátt ef mótið verður haldið. Ákveðið að bíða aðeins lengur og sjá hvort einhver breyting verður á mótahaldi en annars skrá keppendur.

### **16. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR**

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

### **17. FUNDARLOK**

Fundi slitið kl.19.30.